


VLR-011	<p style="text-align: center;">Verklagsreglur um fjármál Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.</p>	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 1		

1. gr.

Hlutverk

Verklagsreglur þessar eru settar í þeim tilgangi að tryggja jafnrétti og að ákvarðanir verði bæði markvissar og gagnsæjar. Verklagsreglurnar eru settar í samræmi við 7. gr. samþykktu Stúdentafélags Háskólans á Akureyri og eiga að tryggja ábyrga, gagnsæja og markvissa meðferð fjármuna SHA. Reglurnar gilda um fjárhagsáætlanir, innkaup og útgjöld, og virkt eftirlit stúdentaráðs með fjármálum félagsins. Reglurnar skulu styðja við virka starfsemi félagsins en jafnframt tryggja ábyrgð, rekjanleika og samfellu á milli starfsára.

2. gr.


Ábyrgð á fjármálum

Framkvæmdastjórn SHA ber sameiginlega ábyrgð á daglegum rekstri félagsins í samræmi við samþykktir SHA og hefur eftirlit með því að fjármál félagsins séu í samræmi við samþykktir, verklagsreglur og ákvarðanir stúdentaráðs.

Rekstrarstjóri SHA fer með daglega umsjón fjármála félagsins, þar á meðal fjárhagsáætlunar, bókhalds, greiðslna, fjármögnunar og eftirfylgni með fjárhagslegum skuldbindingum.

Forseti og rekstrarstjóri fara saman með prókúru félagsins. Verulegar fjárhagslegar skuldbindingar skulu hljóta umfjöllun og samþykki stúdentaráðs áður en til þeirra er stofnað.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á samningagerð félagsins en aðeins forseti og rekstrarstjóri hafa rétt til undirritunar fjárhagslega bindandi samninga fyrir hönd félagsins. Sama gildir um rafrænar samþykktir.

VLR-011	<p>Verklagsreglur um fjármál Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.</p>	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 2		

3. gr.


Fjárhagsáætlun

Rekstrarstjóri skal, í samráði við framkvæmdastjórn, útbúa drög að rekstrar- og fjárhagsáætlun fyrir komandi starfsár. Fjárhagsáætlun skal að jafnaði lögð fram til umræðu ekki seinna en á öðrum fundi stúdentaráðs og til samþykktar á þriðja fundi stúdentaráðs.

Við gerð fjárhagsáætlunar skal m.a. tekið mið af stöðu félagsins við upphaf starfsárs, áætluðu framlagi Háskólans á Akureyri, föstum kostnaði, fyrirhuguðum verkefnum, viðburðum, styrkveitingum og öðrum fjárhagslegum skuldbindingum félagsins. Leitast skal við að fjárhagsáætlun standist miðað við áætlaðar tekjur án utanaðkomandi styrkja, en verði þá endurskoðuð ef styrkja er aflað til ákveðinna verkefna.

Styrkir sem félagið aflar og eru eyrnamerkir ákveðnum viðburðum, verkefnum eða málaflokkum skulu nýttir í samræmi við tilgang styrksins. Óeyrnamerkir styrkir og almennir rekstrarstyrkir skulu ekki vera forsenda fyrir grunnrekstri félagsins, heldur nýttir til að styrkja fjárhagsstöðu félagsins, mæta ófyrirséðum kostnaði, styðja við félagslíf stúdenta og fjármagna sérstök þróunarverkefni. Framkvæmdastjórn skal leggja fram tillögu um ráðstöfun slíkra styrkja, en almennt skal miðað við að hluti þeirra renni í varasjóð eða til að draga úr notkun handbærs fjár.

Fjárhagsáætlun skal endurskoðuð ef verulegar breytingar verða á tekjum, útgjöldum eða starfsemi félagsins.

VLR-011	<p>Verklagsreglur um fjármál Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.</p>	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 3		

4. gr.

Eftirlit með fjármálum

Rekstrarstjóri skal leggja fram rekstraryfirlit á hverjum fundi stúdentaráðs. Í yfirlitinu skulu koma fram helstu tekjur og gjöld, staða bankareikninga, samanburður við fjárhagsáætlun og fyrirsjáanlegar skuldbindingar.

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á daglegu eftirliti með fjármálum félagsins, en stúdentaráð fer með æðsta ákvörðunarvald félagsins og hefur eftirlit með því að fjármunir séu nýttir í samræmi við samþykktir, verklagsreglur og samþykktá fjárhagsáætlun.

Ef aðili úr framkvæmdastjórn verður uppvís að því að misnota fjármuni félagsins í eigin þágu skal viðkomandi endurgreiða þá fjárhæð óski stúdentaráð eftir því. Sé upphæðin ekki endurgreidd innan mánaðar skal krafan send til innheimtu. Um vexti og dráttarvexti endurgreiðslukröfunnar fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.


Skoðunarmaður reikningar skal yfirfara bókhald og ársreikninga félagsins í samræmi við samþykktir SHA.

5. gr.

Greiðslur og samþykki útgjalda

Öll útgjöld SHA skulu hafa skýran tilgang og tengjast starfsemi félagsins eða hagsmunum stúdenta.

Framkvæmdastjórn er heimilt að samþykkja og stofna til óverulegra fjárhagslegra skuldbindinga fyrir hönd félagsins, enda séu þær innan samþykktar fjárhagsáætlunar og í samræmi við fyrri

VLR-011	<p>Verklagsreglur um fjármál Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.</p>	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 4		

ákvarðanir. Framkvæmdastjórn er þó skylt að afla samþykkis tveggja annarra meðlima framkvæmdastjórnar fyrir öllum útgjöldum sem flokkast sem óverulegar fjárhagslegar skuldbindingar.

Útgjöld eða fjárhagslegar skuldbindingar sem teljast verulegar, óvenjulegar eða falla utan samþykkrar fjárhagsáætlunar skulu lögð fyrir stúdentaráð til umfjöllunar og samþykktar áður en til þeirra er stofnað. Sama á við um skuldbindingar sem geta haft áhrif á fjárhagsstöðu eða rekstur félagsins til lengri tíma.


Allar ákvarðanir varðandi fjármál félagsins skulu teknar með hliðsjón af ábyrgri meðferð fjármuna, gagnsæi og rekjanleika.

6. gr.

Innkaupastefna

Við innkaup skal gæta hagkvæmni og gagnsæis. Innkaup skulu taka mið af þörfum félagsins, gæðum vöru eða þjónustu, verði og því hvort útgjöldin samræmist markmiðum og gildum félagsins.

Við stærri innkaup skal að jafnaði kanna verð eða tilboð hjá fleiri en einum aðila áður en ákvörðun er tekin, sé um aðra raunhæfa kosti að ræða.

VLR-011	<p>Verklagsreglur um fjármál Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.</p>	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 5		

7. gr.

Bókhald

Öllum greiðslum skulu fylgja fullnægjandi gögn, svo sem greiðslukvittanir og reikningar eða nótur með kennitölu félagsins, sem útlista með skýrum hætti fyrir hvað var greitt. Haldið skal upp á allar greiðslukvittanir, nótur og reikninga á réttindaskrifstofu SHA.

Ef stjórnarmeðlimur eða annar aðili leggur út fyrir kostnaði fyrir hönd SHA skal endurgreiðsla aðeins fara fram gegn framvísun nótu með kennitölu SHA og skýringu á tilefni útgjaldanna.


Skal leitast við að færa inn í ársreikning jafn óðum og gæta þess að í rekstraryfirliti séu skráðar fullnægjandi skýringar við hverja færslu.

8. gr.

Ársreikningur og skýrsla rekstrarstjóra

Rekstrarstjóri ber ábyrgð á gerð ársreiknings í samráði við framkvæmdastjórn. Ársreikningur skal lagður fyrir framkvæmdastjórn og síðan yfirfarinn af skoðunarmanni reikninga.

Ársreikningur skal kynntur á aðalfundi SHA ásamt skýrslu rekstrarstjóra um fjármál félagsins á starfsárinu. Ársreikningur skal gefa skýra mynd af tekjum, gjöldum, eignum, skuldum og eigin fé félagsins. Ársreikningur og skýrsla rekstrarstjóra skulu jafnframt sýna hvort fjármunir félagsins hafi verið nýttir í samræmi við tilgang þess og samþykta fjárhagsáætlun.

VLR-011	<p>Verklagsreglur um fjármál Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.</p>	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 6		

9. gr.

Varðveisla gagna

Rekstrarstjóri skal færa ársreikning, rekstraryfirlit, samstarfssamninga og önnur bókhaldsgögn inn á skjalasvæði SHA til varðveislu. Skal hann gæta þess að þau séu á því formi að þau séu aðgengileg komandi framkvæmdastjórnnum SHA.

10. gr.

Aðgangur að bankareikningum og stjórnarskipti

Við stjórnarskipti skal tryggja að ný framkvæmdastjórn fái aðgang að bankareikningum og bókhaldi eins fljótt og auðið er. Rekstrarstjóri og forseti fara með prókúru félagsins en aðrir meðlimir framkvæmdastjórnar skulu jafnframt hafa skoðunaraðgang að bankareikningum þess. Fráfarandi rekstrarstjóri skulu afhenda nýrri framkvæmdastjórn yfirlit yfir stöðu reikninga, ógreidda reikninga, skuldbindingar, samninga, styrki og önnur atriði sem skipta máli fyrir áframhaldandi rekstur félagsins, ásamt tengiliðaupplýsingum samstarfsaðila eins og við á.

11. gr.

Endurskoðun verklagsreglnanna

Verklagsreglur þessar eru settar af stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Öllum þeim sem sinna trúnaðarstörfum fyrir SHA ber skylda til að kynna sér verklagsreglur SHA í upphafi starfstímabils síns. Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir atvikum uppfærðar af stúdentaráði.